

Kæru nemendur. – póstur sendur frá rektor 14.október 2020

Nú erum við í áttundu kennsluviku og kennslan stafræn í gegnum INNU, TEAMS eða Zoom. Hvenær staðan breytist er óvíst en vonandi getum við tekið á móti ykkur í skólann í níundu eða tíundu kennsluviku. Kennsluvikurnar eru alls 15 og farið er að síga á seinni hluta haustannar. Ég hvet ykkur til að sinna náminu vel og vera virk í INNU. Einnig hvet ég ykkur til að nýta ykkur stoðþjónustu skólans en allar upplýsingar má finna á heimasíðunni.

Nýlega var framkvæmd könnun um líðan ykkar og námið á tímum COVID-19. Alls svöruðu rúmlega 700 nemendur könnuninni en þar kom m.a. fram að 73% nemenda hefur gengið mjög vel eða vel að aðlagast námsumhverfinu í haust. Um 80% nemenda telja álag í náminu vera mikið og er það áhyggjuefni. 91% svarenda telja sig hafa fengið aðstoð frá kennurum þegar á þarf að halda og er það mjög jákvætt. Á sama tíma er það áhyggjuefni að 14% nemenda geta ekki fengið neina aðstoð heima fyrir. Hvet ég þessa nemendur til að setja sig í samband við námsver skólans. Rúmlega helmingur nemenda er ánægður með ráðstafanir skólans í sóttvörnum en nokkuð hátt hlutfall svaraði hvorki/né.

Nám ykkar fer fram þessa dagana á bak við tölvuskjá og er kennslan í beinni í u.þ.b. 50% kennslustundanna. Hvet ég ykkur til að vera virk og vera í mynd þegar kennarar óska, þess því það gerir kennsluna miklu líflegri og skemmtilegri. Gagnvirk samskipti eru nauðsynleg, ekki bara fyrir nemendur, heldur og einnig fyrir kennarann og að þið séu virk. Temjum okkur vinnulag sem hæfir aðstæðum hverju sinni. Ég vil jafnframt minna á að hafa alltaf akademísk heilindi að leiðarljósi í náminu.

Það er ljóst að skólahald haustannar er ekki með þeim hætti sem við vonuðumst eftir. Við verðum hins vegar að horfa bjartsýn fram á veginn og gera okkar besta í þessum aðstæðum.

Baráttukveðjur,

Steinn

---

Dear students.

We are now in the eighth week of teaching week and we are uncertain about the upcoming weeks. Hopefully we will see you at school in the ninth or tenth week of the semester. The teaching weeks are 15 and we are now in the second half of the fall semester. I encourage you to do your studies well and be active in INNA. I also encourage you to use the school's support services, but all information can be found on the school's website.

Recently, a survey was conducted about your well-being and studies during the COVID-19 era. A total of over 700 students responded to the survey, which included e.g. that 73% of students have been very successful or successful in adapting to the learning environment this autumn. About 80% of students consider it a lot of stress in their studies and that is a cause for concern. 91% of respondents think they have received help from teachers when needed and that is very positive. At the same time, it is a concern that 14% of students cannot receive any help at home with their studies. I encourage these students to get in touch with the school's supporting services. More than half of the students are satisfied with the school's measures in disease control, but a fairly high proportion did not / did not answer.

Your study is behind computer screens and is surely demanding. I encourage you to be active and be in picture when teachers want because it makes teaching much more lively and fun. Interactive communication is essential not only for students but also for the teacher and for you to be active. Let us tame a way of working that suits the situation at hand. I would also like to remind you to always have academic integrity as a guiding principle in your studies.

It is clear that the schooling of the autumn is not in the way we hoped for. However, we must look optimistically ahead and do our best in this demanding situation.

Best regards, Steinn